



Morgunblaðið, 30.10.2021, síðu 44  
grein stærð: 81.09 sm2  
grein hæð: 7.86 sm

## Töfrar samtímalistar á nýrri sýningu



Einn sýnenda Margrét H. Blöndal.

Sýningin *Abrakadabra – töfrar samtímalistar* verður opnuð í Listasafni Reykjavíkur í Hafnarhúsi í dag, laugardag, kl. 14. Segir á vef safnsins að sjá megi töfra samtímalistar á skemmtilegri sýningu fyrir alla sem vilji sjá ný og spennandi verk eftir núlifandi listamenn. Markmiðið sé að gera heim samtímalistar aðgengilegan og unglingar, ungmenni og allir sem séu forvitnir um samtímalist því sérstaklega velkomnir. Meðal þeirra sem verk eiga á sýningunni eru Anna Júlía Friðbjörnsdóttir, Anna Líndal, Egill Sæbjörnsson, Hildigunnur Birgisdóttir, Hrafnhildur Arnardóttir/ Shoplifter, Hreinn Friðfinnsson, Karin Sander, Leifur Ýmir Eyjólfsson, Margrét H. Blöndal, Ólöf Nordal, Rúrí og Steingrímur Eyfjörð.